

Slæm meðferð, skattsvik og lögbrot

- sjá grein á bls. 6 -



Nýtt veffang og netfang

Eins og glöggir félagsmenn hafa tekið eftir er félagið komið með nýtt veffang, nýja veffangið er www.felag.is.

Gamla veffangið sem vildi vefjast fyrir mönnum, var með vísun í fyrri hýsingaraðila, svo skipta varð um. Nýja veffangið er eign félagsins og verður til frambúðar þó svo að skipt yrði um þjónustuaðila. Jafnframt þessum breytingum var skipt um netfang til samræmis við veffangið og er nú hægt að senda póst á fit@felag.is eða felag@felag.is og berst sá póstur á allar skrifstofur félagsins, hvort sem er í Reykjavík, Akranesi eða Selfossi.



Jólaball

Jólaballið verður haldið í Akógeasalnum Sóltúni 3 miðvikudaginn 28. desember klukkan 16:00. Verðið er kr. 1.000 fyrir fullorðna en ókeypis fyrir börnin.

Forsendunefndin gerði samkomulag

Eins og allir hafa eflaust heyrt í fréttum gerðu ASÍ og SA samkomulag á grundvelli endurskoðunarákvæða kjarasamninga. Sambandsstjórn Samiðnar hafði ýmislegt við þetta samkomulag að athuga og sendi frá sér eftirfarandi ályktun:

Sambandsstjórnarfundur Samiðnar haldinn 18.11 2005 lýsir yfir megnustu óánægju sinni með samkomulag forsendunefndar ASÍ og SA um útteilingu á sérstakri eingreiðslu. Fundarmenn telja að sú mismunun sem í henni felst vera einsdæmi í sögu íslenskrar verkálðshreyfingar. Einnig benda fundarmenn á að líklega er þetta í fyrsta skipti í sögunni að þeir sem skipt hafa um starf á árinu hafi jafnframt verið að segja upp hluta af launahækkunum framtíðarinnar.

Einnig kom fram nokkur gagnrýni með frumvarp um starfsmannaleigur en þar þótti mönnum skorta á ábyrgð notendafyrirtækjanna. Varðandi loforð ríkisstjórnarinnar um hækkun atvinnuleysisbóta og aðkomu ríkisins í örorkugreiðslum lífeyrissjóðanna voru menn sammála um að þar væri stigið skref í rétta átt. Niðurstaða forsendunefndarinnar er bindandi fyrir öll félög innan ASÍ sem voru með endurskoðunarákvæði svo ekki er annað að gera en að una niðurstöðunni. Niðurstaðan varandi eingreiðsluna varð sú að sérstaka eingreiðslu kr. 26.000 fá allir þeir sem verið hafa í starfi hjá sama fyrirtæki í síðustu viku nóvember eða fyrstu viku desember og í a.m.k. 45 vikur á árinu. Aðrir fá hlutfallslega minna en að lágmarki kr. 4.500 og skal greiðslan koma til framkvæmdar í síðasta lagi 15. desember. Til að finna upphæðina fyrir þá sem starfað hafa skemur en 8 vikur, er deilt með 45 í 26.000 kr. og sú tala margfölduð með fjölda vikna í starfi hjá viðkomandi fyrirtæki. Þeir sem skipt hafa um starf á árinu eiga ekki rétt á greiðslum frá fyrri launagreiðanda heldur eingöngu fyrir tímabilið hjá núverandi launagreið-

anda. Iðnnemar fá kr. 16.400 í samræmi við starfstíma og telst starfsárið þá 45 vikur. Náms tími í skóla telst sem unninn tími.

Desember-uppbót

Desemberuppbótin í ár er kr. 39,700 og kr. 25,000 fyrir iðnnema. Starfsmenn sem hafa verið í fullu starfi allt árið hjá sama fyrirtæki og eru við störf hjá fyrirtækinu í síðustu viku nóvember eða í fyrstu viku desember skulu eigi síðar en 15. desember frá greidda desemberuppbót. Starfsmenn í hlutastarfi sem uppfylla sömu skilyrði skulu fá greitt hlutfallslega. Uppgjörstímabilið er almanaksárið, en fullt ársstarf telst í þessu sambandi 45 unnar vikur, eða meira, fyrir utan orlof. Starfsmenn með skemmri starfstíma skulu fá greitt hlutfallslega miðað við starfstíma sinn.

Samkomulag ASÍ og SA

um meginatriði breytinga á atvinnuleysistryggingum

1. Grunnbætur atvinnuleysistrygginga verði 96.000 kr. við gildistöku kerfisbreytingar á árinu 2006 og taki 2,9% hækkun launa 1. janúar 2007.
2. Tekjutenging bóta verði miðuð við 70% af heildartekjum samkvæmt launaseðlum síðast liðna 6 mánuði, þó ekki síðasta mánuðinn fyrir atvinnumissi.
3. Hámarksbætur verði 180.000 kr. á mánuði.
4. Tekjutenging bóta hefjist eftir 10 virka daga á grunnbótum.
5. Réttur til tekjutengdra bóta verði að hámarki 3 mánuðir á þriggja ára tímabili.
6. Réttur til tekjutengdra bóta endunýjst á 24 mánaða tímabili.

15. nóvember 2007.

Verkfæragjald blikksmiða verður endurskoðað í janúar en það tekur hækkunum samkvæmt bygginga-vísitölu. Frá 1. júlí 2005 hefur gjaldið verið 71,02 kr.

Launahækkun um áramót:

Öll laun og kjaratengdir liðir hækka um 2,5% þann 1. janúar n.k. Þeim sem einungis fá greitt eftir lágmarkstöxtum aðalkjarasamnings er sérstaklega bent á að þeir eru að hækka um 5%.

Launataxtar Samiðnar og SA 2006 verða:

Iðnaðarmenn með sveinspróf

	Mánaðarlaun	Dagvinna	Yfirvinna
Byrjunarlaun	163.084	940.89	1693.63
Eftir 1 ár	169.575	978.34	1761.04
Eftir 3 ár	174.662	1007.68	1813.86
Eftir 5 ár	179.902	1037.92	1868.28

Launataxtar Samiðnar og Bílgreinasambandsins 2006 verða:

Iðnaðarmenn með sveinspróf

	Mánaðarlaun	Dagvinna	Yfirvinna
Taxti 1	171.149	987	1.777
Taxti 2	179.706	1.037	1.866
Taxti 3	188.691	1.089	1.960
Taxti 4	198.032	1.143	2.058
Taxti 5	208.434	1.200	2.160
Taxti 6	218.356	1.260	2.268
Taxti 7	229.823	1.323	2.382
Taxti 8	240.823	1.389	2.501
Taxti 9	252.865	1.459	2.626

Þessir kauptaxtar eru lámarkslaunataxtar en að öðru leyti gilda þau laun sem um semst á markaði.

Stórhátíðarkaup er greitt ef unnið er eftir hádegi á aðfangadag og gamlársdag og ef unnið er á jóladag og nýársdag

Næturvinnukaup er ef unnið er á annan í jólum og hjá bílgreinum ef unnið er fyrir hádegi á aðfangadag og nýársdag.



Fréttabréf

Félag iðn- og tæknigreina

Borgartúni 30 - Sími 535 6000

Ábyrgðarmaður:

Hilmar Harðarson.

3. tbl. 3. árg. desember 2005

Prentumsjón:

Stafræna prentsmiðjan ehf - www.smidjan.is

Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar

-til að greiða fyrir samkomulagi Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins um áframhaldandi gildi kjarasamninga

1. Ríkisstjórnin lýsir sig reiðubúna til samstarfs við Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins um leiðir sem, auk aðgerða á vettvangi lífeyrissjóðanna sjálfra, draga úr vaxandi örorkubyrði lífeyrissjóða og jafna stöðuna milli einstakra sjóða. Til að vinna að framgangi þessa máls mun forsætisráðherra skipa nefnd fulltrúa stjórnvalda, aðila vinnumarkaðarins og lífeyrissjóða. Verkefni nefndarinnar verði meðal annars að gera tillögur um samræmingu á viðmiðunum til örorkumats í almannatryggingakerflinu annarsvegar og lífeyrissjóðakerfinu hins vegar þar sem fyrst og fremst verði horft til vangetu einstaklinga til að afla sér tekna. Jafnframt fjalli nefndin um leiðir til að efla starfsendurhæfingu í því skyni að hjálpa einstaklingum sem af einhverjum ástæðum hafa ekki fest rætur á vinnumarkaði eða þurft að hverfa af vinnumarkaði vegna atvinnuleysis eða örorku. Áhersla verði lögð á að bjóða einstaklingsmiðaða þjónustu þar sem litið verði til starfsgetu einstaklinganna. Jafnframt verði kerfið gert einfaldara og skilvirkara og tryggð betri yfirsýn yfir þau úrræði sem eru í boði hverju sinni. Við frekari útfærslu skal meðal annars tekið mið af niðurstöðum nefndar um atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir sbr. 4. lið. Ríkisstjórn og aðilar vinnumarkaðarins munu koma sameiginlega að fjármögnun þessara aðgerða sem hafi það að markmiði að sem flestir verði aftur virkir á vinnumarkaði.

Ríkisstjórnin lýsir því jafnframt yfir að hún er reiðubúin til að greiða fyrir jöfnun á örorkubyrði milli lífeyrissjóða á samningssviði Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins með framlagi sem svarar til 0,25% af tryggingagjaldsstofni samkvæmt nánari útfærslu milli aðila og komi til framkvæmda á þremur árum, 0,15% 2007, 0,20% 2008 og 0,25% 2009.

2. Þá hefur ríkisstjórnin ákveðið, í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins, að beita sér fyrir sérstöku átaki til að efla starfs- og endurmenntun ófaglærðra og einstaklinga með litla menntun, jafnframt því að bæta stöðu erlends vinnuafls í íslensku samfélagi. Áætlað er að kostnaður vegna þessa nemi 100 m.kr. á árinu 2006.

- Í fyrsta lagi hefur verið ákveðið að fela Fræðslumiðstöð atvinnulífsins að útbúa námsefni og þjálfa leiðbeinendur í íslensku kennslu fyrir útlendinga. Með því er leitast við að koma til móts við þarflr útlendinga sem leita fótfestu á íslenskum vinnumarkaði og bæta félagslega stöðu þeirra.
- Í öðru lagi er gert ráð fyrir sérstökum framlögum úr ríkissjóði til að greiða fyrir námskeiðahald og endurmenntun einstaklinga á vinnumarkaði sem leggja stund á nám sem byggir á námskrám sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur vottað og menntamálaráðuneytið staðfest. Símenntunarmiðstöðvum, sem starfræktar eru um land allt, verður falið að annast þetta nám.
- Í þriðja lagi er gert ráð fyrir því að framhald verði á samstarfi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og menntamálaráðuneytisins um svokallað mat á raunfærni sem miðar að því að leggja mat á fyrra nám og færni einstaklinga sem vilja bæta við sig menntun.
- Í fjórða lagi hefur verið ákveðið að efla náms- og starfsráðgjöf fyrir ófaglærða og þá sem litla menntun hafa. Menntamálaráðuneytið og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins munu láta fara fram athugun á því hvernig þeim stuðningi verði fyrir komið þannig að hann nýtist sem best og fleiri nýti sér þau sí- og endurmenntunartækifæri sem í boði eru. Í þessu skyni verður auknum fjármunum veitt til að standa straum af einstaklingsmiðaðri starfs- og námsráðgjöf á vegum símenntunarstöðvanna um land allt.

3. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því að lög um starfsmannaleigur verði samþykkt fyrir jólahlé Alþingis. Í frumvarpinu verði kveðið á um eftirfarandi meginatriði sem verði skilyrði fyrir því að starfsmannaleigur starfi hér á landi:

- Starfsmannaleiguþjónusta verði skráningarskyld hér á landi.
- Starfsmannaleigur sem veita þjónustu á Íslandi samtals lengur en 10 virka daga á hverjum 12 mánuðum skulu hafa fulltrúa hér á landi og veita Vinnumálastofnun tilteknar upplýsingar um starfsemi sínar hér á landi áður en vinna hefst.
- Starfsmannaleigum sem hafa staðfestu utan Evrópska efnahagssvæðisins eða EFTA ríkja verði óheimilt að veita hér þjónustu nema samningar sem Ísland á aðild að heimili.
- Starfsmannaleigum verði óheimilt að krefja, semja um eða taka á móti greiðslum frá starfsmönnum fyrir að bjóða eða veita þeim vinnu, hvort sem er við upphaf ráðningarsambands eða síðar.
- Starfsmannaleigur skulu gera skriflega ráðningarsamninga við starfsmenn sína.
- Vinnumálastofnun verði gert heimilt að óska eftir upplýsingum sem stofnunin telur nauðsynlegar til að fylgjast með framkvæmd laganna frá starfsmannaleigum, þ.m.t. ráðningarsamningar og ráðningarkjör.

4. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir lagasetningu um breytingar á greiðslu atvinnuleysisbóta í samræmi við það samkomulag sem nú liggur fyrir milli Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins. Þar er meðal annars gert ráð fyrir sérstakri hækkun lágmarksbóta, tekjutengingu atvinnuleysisbóta, styttingu greiðslutímabils o.fl. Þessar aðgerðir verða fjármagnaðar með greiðslum úr Atvinnuleysistryggingasjóði en sameiginlegur skilningur er á milli aðila um að ekki sé ástæða til að hækka atvinnutryggingagjald við gildistöku laganna þar sem sjóðurinn hafi svigrúm til að fjármagna þessar breytingar miðað við núverandi atvinnuleysisstig. Samkomulagið er í anda þeirrar niðurstöðu sem náðist í nefnd um atvinnuleysistryggingar og vinnu markaðsaðgerðir sem skilaði félagsmálaráðherra skýrslu 9. nóvember 2005. Frekara mið skal tekið af niðurstöðum nefndarinnar við úrbætur á sviði atvinnuleysisbóta og vinnumarkaðsaðgerða svo sem varðandi starfsendurhæfingu sbr. l.tölulið.

Reykjavík, 15. nóvember 2005.

Heldrimannaferðin

Farið var í hina árlegu ferð heldrimanna FIT, laugardaginn 17. september, undir öruggri stjórn Finnboga Eyjólfssonar. Fyrst var farið á Reykjanes þar sem virkjunin í Svartsengi var skoðuð ásamt ýmsu forvitnilegu. Þaðan var farin strandleiðin yfir til Eyrarbakka, þar sem snæddur var hádegisverður í Rauða húsinu. Ekið var um Suðurland og endað í Hestheimum í Ásahreppi. Mikið var sungið og harmonikkann þanin og var létt yfir mannskapnum. Gott veður var allan tímann og tókst ferðin með miklum ágætum.



Náttúruskoðun á Reykjanesi.



Föngulegur hópur.



„Dinnertónlist“ við hæfi hópsins.



Ungir í anda þrátt fyrir háan aldur.



Fararstjórinn skýrir málin.



Í Svartstengi.



Það þarf stóra rútu fyrir stóran hóp.

Út í Bláinn

Fyrsta „Út í bláinn“ ferðin verður farin sunnudaginn 29. janúar. Lagt verður af stað kl. 13 frá Borgartúni 30. Ferðirnar verða farnar síðasta sunnudag hvers mánaðar frá áramótum til vors.

Þjónustuskrifstofur FIT

Félagið er með þrjár þjónustuskrifstofur.

Reykjavík: Borgartúni 30,

opið frá kl 8-16, s: 535 6000.

Selfossi: Austurvegi 56, s: 480 5000

Akranesi: Kirkjubraut 40, s: 431 2380



Jólatrésferð

Farið verður með rútum sunnudaginn 11. desember kl. 11 frá Borgartúni 30 og ekið sem leið liggur í Brynjudalinn. Þar gefst kostur á að höggva sér jólatré að eigin vali. Ferðin er fólki að kostnaðarlausu en verðið á jólatré er kr. 4.000. Skráning í ferðina er í síma 535 6000 eða í netfangið thskrif@samidn.is.



**Stjórn og starfsfólk FIT
óskar félagsmönnum
gleðilegra jóla
og farsældar
á nýju ári**

Slæm meðferð, skattsvik og lögbrot

Undanfarið hafa nánast daglega verið fréttir í fjölmiðlum um ótrúlega meðferð á erlendu vinnuafli. Staðan í dag er þannig að erlendu vinnuafli nánast rignir inn í landið en stjórnvöld virðast ekki hafa vilja né burði til að taka á taumlausum brotum sem viðgangast. Gífurlegir fjármunir eru að ganga hinu opinbera úr greipum í formi skattsvika og allskonar undanskots. Skattayfirvöld virðast ráðþrota því þó gefnar hafi verið út reglur um ábyrgð notendafyrirtækja á skattgreiðslum eru mikil vanhöld á að eftir þeim sé farið. Sýslumannsembættin liggja flest í dái og lögreglan jafnvel önnug ef kærur eða kvartanir berast. Stéttarfélagin sem á annaðborð reyna að sinna eftirlitshlutverki sínu eru kaffærð í ábendingum um hugsanleg brot en skortir heimildir til gagnaöflunar svo hægt sé að bera saman launaseðla og þann tímafjölda sem notendafyrirtækin eru að borga.

Algengt virðist vera að dregnir séu tugir tíma frá starfsmönnum og þeim sagt að vinna hafi þurft upp eftir þá og því séu þeir hýrðregnir. Lög um hvíldartímaákvæði eru þverbrotin og algengt að menn sú látnir vinna 300 tíma á mánuði og jafnvel meira. Mörg dæmi eru um að 3 til 4 einstaklingar deili herbergi og greiði 20 til 25 þúsund krónur hver. Þeir deila síðan snyrtingu með mörgum öðrum svo öngþveiti skapast á morgnanna.

Oft er um að ræða atvinnuhúsnæði með engri aðstöðu til að matast eða til afþreyingar. Það virðist vera regla að ef ekkert er að gera þá séu menn látnir vera kauplausir heima. Því miður er ekki útlit fyrir að frumvarp um starfsmannaleigur sem nú liggur fyrir Alþingi muni breyta neinu um þetta. Vandlega er passað uppá að stéttarfélagin fái engin vopn til að berjast með og ábyrgð þeirra sem kaupir vinnuafli hjá starfsmannaleigu verði engin.

Samfélagsleg ábyrgð á launum starfsmanna þessara „fyrirtækja“ verður þó tryggð þar sem hægt verður að sækja greiðslur í ábyrgðarsjóð launa ef starfsmannaleigan hverfur af yfirborðinu. Notendafyrirtækjunum er ekki gert að upplýsa um eitt eða neitt hvað þá sæta ábyrgð. Lögmál hins frjálsa markaðar skulu tekin umfram mannréttindi.

Samiðn hefur ritað Félagsmálaráðherra bréf þar sem raktar eru tillögur um breyt-



Heilsíðuauglýsing Samiðnar í Morgublaðinu er hluti af baráttu iðnfélaga við ó löglega starfsemi á Íslandi.

ingar á framkomnu frumvarpi um starfsmannaleigur. FIT telur mjög mikilvægt að ná þessum breytingum fram til að tryggja betri aðkomu stéttarfélaganna og réttindi þeirra launþega sem starfa hjá starfsmannaleigum.

Tillögur Samiðnar varðandi drög að frumvarpi til laga um starfsmannaleigur

Við lög nr. 55/1980 bætast nýjar greinar svohljóðandi sem skotið er inn í núverandi greinaröð (í lögnum eru nú engar greinar nr. 3 – 5):

3. gr. Atvinnurekendur bera ábyrgð á því að allir sem hjá þeim starfa njóti launa og annarra starfskjara sem fullnægi áskilnaði 1. gr. hvort sem starfssamband viðkomandi launamanna og atvinnurekanda byggir á ráðningarsamningi þeirra á milli eða milli-ganga þriðja aðila liggja því til grundvallar.

4. gr. Í þeim tilgangi að ganga úr skugga um að gætt sé ákvæða 1. gr. er stéttarfélagum heimilt að krefja viðkomandi atvinnurekanda um upplýsingar um laun, vinnustundafjölda og önnur starfskjör starfsmanna, sbr. 3. gr.

5. gr. Ef brotið hefur verið gegn 1. gr. laga þessara er stéttarfélagi í viðkomandi starfsgrein heimilt að höfða mál í eigin nafni til rétttra efnda kjarasamnings þeirra launamanna sem í hlut eiga.

Um einstakar greinar:

Um 3. gr.

Markmið ákvæðis 3. gr. er að koma í veg fyrir félagsleg undirboð á íslenskum vinnu-markaði öllum þeim sem á honum starfa til heilla. Bæði til að tryggja að viðkomandi starfsmenn njóti þeirra kjara sem lög áskilja þeim og jafnframt til að tryggja að þau fyrirtæki sem gæta rétttra laga í þessum efnun njóti sannmælis í samkeppni. Þau beri ekki skarðan hlut frá borði í sínum samkeppnisrekstri þar sem aðrir geti í skjóli samninga við erlend fyrirtæki skotið sér undan þeim kostnaði sem því fylgir að greiða umsamin ráðningarkjör.

Með atvinnurekanda í ákvæðinu er átt við þann aðila sem stjórnar verkum viðkomandi launamanns, þ.e. sá sem hefur verkstjórnarvald yfir honum frá degi til dags og leggur honum til nauðsynlegan búnað og vinnu-aðstöðu til starfans.

Um 4. gr. og 5. gr.

Til þess að tryggja framgang laganna er nauðsynlegt að raunhæf úrræði séu tiltæk til að framfylgja þeim. Að ekki sé látið átölulaust að gengið sé á svig við ákvæði laganna. Oft eru einstakir launamenn í erfiðri aðstöðu að knýja á um réttar efndir þar sem slík kröfugerð getur varðað búsíðum af ýmsu tagi. Sýnist því einboðið að það verði lagt á herðar stéttarfélaganna að fylgjast með rétttri framkvæmd kjarasamninga en trúnaðarmönnum stéttarfélaganna, sbr. lög nr. 80/1938 er sjaldnast til að dreifa við þessar aðstæður.

Eins sýnist einboðið að félögunum sé gert að grípa til viðeigandi ráðstafana ef útaf er brugðið eftir atvikum með málsókn og er því kveðið á um málsóknarumboð í anda 3. mgr. 26. gr. laga nr. 91/1991 í 5. gr. frumvarps þessa.



Sveinsbréf afhent



Þann 12. September voru afhent sveinsbréf í bifvélavirkjun, bifreiðasmíði, bílamálun, málmstuðu, húsamálun og fyrir nýsveina í húsmíði á Suðurlandi. Alls voru 48 sveinsbréf afhent við hátíðlega athöfn í Akóges-salnum Sóltúni 3 og jafnframt voru afhentar viðurkenningar fyrir besta árangur í hverri grein.

Eftirtaldir hlutu viðurkenningu:

Í bílamálun, Björn I Árnason
 Í bifreiðasmíði, Daði Erlingsson
 Í málmstuðu, Jóhann H Ragnarsson
 Í húsmíði, Hafsteinn Stefánsson
 Í húsamálun,
 Andri Þór Arinbjörnsson
 Í bifvélavirkjun,
 Gyða Ó Friðbjarnardóttir

Afhending sveinsbréfa fyrir nýsveina í húsmíði í Hafnarfirði var í samvinnu við Trésmiðafélag Reykjavíkur laugardaginn 13. september, Fit óskar nýsveinunum til hamingju með áfangann.

Félags- og faggreinafundir

Félags- og faggreinafundir voru haldnir um miðjan nóvember. Aðal efni félagsfundarins var kynning á samkomulagi Forsendunefndar ASÍ og SA. Til fundarind kom Gylfi Arnbjörnsson framkvæmdastjóri ASÍ en Ólafur Darri Andrason hagfræðingur sem hafði verið auglýstur sem framsögumaður gat ekki komið vegna mikilla anna. Gylfi fór yfir samkomulagið við SA og yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og svaraði fjölmörgum spurningum fundar-

manna. Til stóð að fara yfir nýjustu tölur Kjararannsóknarnefndar en samanburðartöflur lágu ekki fyrir og aðeins hægt að fjalla um tölur um launaskrið sem Kjararannsóknarnefnd hefur nýlega birt. Á faggreinafundunum var rætt um framtíðarskipulag faggreinanna innan félagsins en einnig ræddu sumir um námsskrár og endurmenntun. Fundurinn var vel sóttur og voru umræður líflegar.

Bridge

Eins og undanfarin ár verður bridge spilaður í salnum að Borgartúni 30 eftir áramótin. Ekki liggja fyrir nákvæmar tíma og dagsetningar á þessari stundu en hægt er að fylgjast með þeim inná heimnasíðu félagsins, www.felag.is eða á þjónustuskrifstofunni í síma 535 6000



ÖRUGG FRAMTÍÐ Í OKKAR HÖNDUM

Hlutverk Sameinaða lífeyrissjóðsins er að tryggja fjárhagslegt öryggi sjóðfélaganna, maka þeirra og barna í framtíðinni.

Kynntu þér þjónustu okkar á lifeyrir.is eða hringdu í síma 510 5000.

Framtíðin er örugg í okkar höndum.

 **Lífeyrir**
Sameinaði
lífeyrissjóðurinn